

Stóraukið fylgi Kvennalistans síðustu vikur og mánuði er ævintýri líkast, og svo má raunar segja um feril Kvennalistans allt frá upphafi. Jafnvel þær, sem fyrstar sáðu, óraði ekki fyrir þvílikri uppskeru á örfáum árum. (Árangur Kvennalistans er að mínu viti sönnun þess að það var þörf fyrir nýja lífssýn og ný viðhorf í íslenskum stjórnálum - og þó viðar væri leitað.)

Tölurnar, sem varða veginn, eru ótrúlegar. (Kvennalistinn er formlega stofnaður 13. mars 1983, sprottinn úr þeim jarðvegi, sem Kvennaframboðin á Akureyri og í Reykjavík höfðu plægt og sáð í með góðum árangri.) 5.5% fylgi í fyrstu þingkosningunum okkar þóttu mikill sigur, en allt frá þeim degi hefur leiðin legið í eina átt og sú átfer fram á við.

Vissulega hefur þú ganga ekki verið þrautalaus (-) og einhvern tíma verður sú saga skrifuð í smáatriðum. Kvennalistinn hefur átt litlum skilningi að mæta hjá svokölluðum ráðandi öflum í þjóðféluginu, og) Meðvitað eða ómeðvitað hafa stjórnálamenn og fjölmíðlar reynt að láta sem Kvennalistinn ^{vættu} sé ekki til sem stjórnálalaf, væntanlega vegna erfiðleika með að skilgreina hann og skilja, en hugsanlega einnig í þeirri von og trú, að hér væri um stundarfyrirbrigði að ræða. Þessir aðilar misreiknuðu hins vegar sterkasta aflið í hverju þjóðfélagi, sem er fólkioð sjálft, vit þess og vilji, og það er þetta afl, sem nú hefur lagst á sveif með Kvennalistakonum. Það hefur fært okkur hvern stórsigurinn á fætur öðrum, tvöfaltað fylgi okkar í síðustu kosningum, sem þótti með algjörum ólíkindum, og flykkst til stuðnings við stefnu okkar í hverri skoðanakönnun eftir aðra.

Það var í janúar á þessu ári, sem fylgið tók stökk uppi um 20%, ekki bara í einni könnun, heldur premur í röð. Og nú hafa birst með stuttu millibili tvær kannanir í viðbót sem sýna um 30% fylgi við Kvennalistann. Það merkilega er, að stjórnálamenn af gamla skólanum eiga ekkert svar við þessari þróun. Hún virðist koma þeim fullkomlega í opna skjöldu. Eftir einum þeirra er haft

nýlega í blaði orðrétt: ".... ég eiginlega undrast það hvað Kvennalistinn kemst lengi upp með að vera í umræðunni án þess að tala um stjórmál eins og við flestir hverjir, sem höfum starfað í þessu, lítum á þau."

Skilningsleysið drýpur af, hverju orði, að ekki sé nú talað um fullvissu þess ^{þ manns} að hafa ^{Sjaldan} höndlað sannleikann um það hvað eru stjórnmál. Hugsunin er fjötruð í viðjar vanans. Dæmigerð viðbrögð stjórnmálamanns, sem skilur ekki skilboð fólksins -, eða vill ekki skilja. Og e.t.v. ekki að undra, því þeir sem hafa 4 ása á hendi og alla kóngana í ofanálag hafa enga löngun til þess að stokka spilin og gefa upp á nýtt, jafnvel þótt þeir ættu þá von ^á nokkrum ^{úthyr með} drottningum - eða kannski vegna þess! Er nema von að þeir grípi um stólbrúnirnar og freisti þess að afgreiða Kvennalistakonur sem höfuðlausan her hlægilegra prjónakvenna með barnaheimili á heilanum. "Og það eru sko ekki stjórnmál, það vita nú allir".

En hvað býr raunverulega að baki stórauknu fylgi Kvennalistans? Hver er uppskriftin að velgengni, sem sýnir sig í 30% fylgi við stefnu og starfsemi 5 ára gamalla stjórnmálasamtaka? Við þessar spurningar hafa ýmsir glímt að undanförnu, sumir með opnum huga, aðrir blindaðir af öfund og sérhagsmunahyggju.

Svarið er í raun ákaflega einfalt. Kvennalistinn er nýtt og ferskt afl í íslenskum stjórnmálum, en ekki vara nýtt afl, heldur allt öðru vísni en hefðbundnu stjórnmálaflokkarnir. Þetta afl hefur náð til fólksins sem eygir von, í stefnu og starfsþáttum Kvennalistans.

Í fyrstu held ég að fólk hafi stutt okkur fyrst og fremst vegna þess að því þótti spegilmynd þjóðfélagsins á Alþingi afkáraleg. Það vildi sjá fleiri konur í pólitískum valdastofnunum, og það leit á Kvennalistann sem tæki til að koma konum að.

Smám saman hefur svo fólk orðið ljóst, að Kvennalistinn er ekki þar tæki til að koma konum að, heldur raunverulegt stjórnmálafl með sérstakar áherslur og nýstárlag vinnubrögð.

Árum saman hafa hefðbundnu stjórnmálauflokkarnir skipt með sér kjósendum í töluverðu bróðerni, þótt óneitanlega hafi það bróðerni stundum verið flátt eins og forðum hjá Goðmundi á Glæsivöllum. Annað veifið hafa reyndar skotið upp kollinum nýir stjórnmálauflokkar sem hafa orðið til í kringum afmörkuð málefni eða í krafti ákveðinna persóna, sem ekki hafa rekist vel í gömlu flokkunum. Örlög þeirra allra hafa orðið hin sömu. Þeir buðu í raun ekki upp á neitt nýtt, þeir voru eins og gömlu flokkarnir, þegar til kom, og runnu inn í samtryggingakerfið og eyddust þar upp í eigin reyk og gufu. Og það er vissulega freistandi að álykta sem svo, að gegn slíkum aðskotahlutum í íslensku stjórnálalífi, eins og þeir gömlu líta á súk framboð, hafi hin hefðbundnu vopn einmitt reynst vel, þar sem leikreglurnar voru aldrei dregnar í efa.

En hefðbundnu vopnin duga einfaldlega ekki á Kvennalistann. Sú stefna okkar að móta eigin reglur og vinnuaðferðir í stað þess að ganga inn í kerfið með karlmannleg vopn á lofti hefur ruglað atvinnu-stjórnálamenn í ríminu. Þeir kunna ekki að bregðast við. Ekki ennþá.

Pólítík Kvennalistans er hægt að skýra með nokkrum einföldum dráttum. Við göngum til verks með því hugarfari, að sértæk reynsla kvenna gefi þeim aðra lífssýn og viðhorf en þau sem ríkjandi eru meðal karla. Þessi viðorf kristallast í forgangsröðun Kvennalistans, áherslu okkar á málefni er lúta að umönnun og uppeldi, menntun og menningu, umhverfisvernd og friðarmálum. Þau birtast í baráttu okkar fyrir efnahagslegu sjálfstæði kvenna og bættum kjörum þeirra sem ævinlega hafa fengið minnstu bitana af nægtaborði þjóðfélagsins. Og þau birtast í hugmyndum okkar um valddreifingu og aukin áhrif fólks og forræði þess um eigin málefni og næsta umhverfi.

Í fyrstu var okkur í sifellu bent á, að þessi mál væru öll á stefnuskrám gömlu flokkanna. Slíkar raddir heyrast tæpast lengur. Munurinn liggar nefnilega í áherslum og forgansröðun. Það er ekki nóg að vilja vel, ef viljinn dugar ekki til framkvæmda.